

Leikskólinn Birkilundur



Upplýsingarit

Efnisyfirlit

Velkomin í Birkilund	2
Starfsfólk	2
Starfsgrundvöllur	3
Markmið Birkilundar	3
Námssvið	4
Læsi og samskipti	
Heilbrigði og vellíðan	
Sjálfbærni og vísindi	
Sköpun og menning	
Leikskólastarf	6
Leikurinn, Daglegar venjur, Að koma og fara, Matartímar, HópaVinna, Viðfangsefni í hópatímum, Verkefni fyrir elsta árgang leikskólans	
Ýmis verk- og námsefni	9
Gaman saman, SMT skólafærni, Stig af stigi, Leikur að læra, Tákni með tali, Læsi í leikskóla, Könnunarleikur, Flokkun úrgangs	
Foreldrasamstarf	12
Aðlögun, Foreldrasamvinna, Foreldraviðtöl, Almennur foreldrafundur, Skóladagatal, Dagatal, Upplýsingatflur, Karellen, Facebookhópar, Starfsáætlun, Myndir barnanna, Foreldrafélag, Foreldraráð	
Hagnýtar upplýsingar	15
Fjarvistir barna, Breyttar aðstæður Óhöpp, slys eða veikindi, Öryggisatriði, Vettvangsferðir í rútu, Vistunartími, Hvíld eftir hádegismat, Klæðnaður barna, Bækur, spil o.fl., Reglur um afmælisboð, Vinnureglur vegna óveðurs, Dvalargjöld, Starfs- og námskeiðsdagar, Reyklaus vinnustaður, og sérfræðipjónusta	

Velkomin í Birkilund

Í þessum bæklingi er stiklað á stóru um starfsemi og reglur leikskólans og annað sem honum tengist.

Leikskólinn Birkilundur

sími í Birkilundi (eldra stig) 4538215

sími á Reynilandi (yngra stig) 5718215

netfang: birkilundur@skagafjordur.is

heimasíða: www.birkilundur.karellen.is

Forföll barna á Könglalandi og Kvistalandi skal tilkynna í síma 4538215 eða í Karellen. Forföll barna á Reynilandi skal tilkynna í síma 5718215 eða í Karellen.

Leikskólinn Birkilundur var vígður 29. janúar 1999, en hann tók við af leikskólanum Hvannahlíð, sem var starfræktur frá 1982. Deildir leikskólans eru þrjár; Reyniland er fyrir yngstu börnin, Kvistaland er fyrir miðjaldurinn og Könglaland fyrir elstu börnin. Haustið 2004 fékk leikskólinn til afnota sumarhús, Furulund 5, sem stendur við suðvestur hornið á lóðinni. Hlaut það nafnið Furulund og var nýtt sem leikrými. Í mars 2016 var tekin í notkun ný deild í húsnæði þar sem áður var pósthús í Varmahlíð. Þessi deild hlaut nafnið Reyniland. Í mars 2022 var bætt við Reyniland suðurhluta hússins svo þar bættist við rými fyrir nokkur börn. Nauðsynlegt er að framkvæmdum við nýjan leikskóla verði hraðað þar sem ekki er hægt að uppfylla kröfur Vinnueftirlitsins um rými fyrir starfsmenn nema með því að fækka börnum á deildum verulega. Furulund hefur verið nýtt fyrir fundi og foreldraviðtöl.

Starfsfólk

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfinu og skipulagningu sérkennslu.

Staðgengill leikskólastjóra ber ábyrgð á starfi leikskólans í fjarveru leikskólastjóra.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu, barnahópnum og foreldrasamstarfi á sinni deild í samráði við leikskólastjóra.

Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinnur í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni.

Matráður sér um eldhússtörf og þvotta.

Hreinson ehf sér um þrif.

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið og aðstæður þess eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Starfsgrundvöllur

Leikskóli er lögum samkvæmt uppeldis- og menntastofnun, skóli þar sem börn læra og þroskast í gegnum leik. Leikskólauppeldi er sértækt uppeldi og mikilvæg viðbót við uppeldi foreldra.

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra mest og best í gegnum leik. Boðið er upp á hlutverkaleiki, fín- og grófhreyfileiki, könnunarleik, kubbaleiki og skapandi starf.

Í Birkilundi er unnið eftir aðalnámskrá leikskóla og námskrá Birkilundar. Í námskrá Birkilundar koma fram áhersluatriðin í starfinu og hvernig er unnið.

Markmið Birkilundar

- Að veita börnunum tækifæri til þess að læra og þroskast í gegn um leik.
- Að efla félagslega færni barna.
- Að stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði barna.
- Að efla málþroska barna.
- Að styrkja sjálfsmynd og efla sjálfstæði barna.
- Að kenna börnum að virða náttúruna og njóta hennar.

Til þess að ná þessum markmiðum er á hverjum degi gefinn góður tími fyrir sjálfsprottinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með, unnið er með sérstök viðfangsefni í minni hópum og nýtt eru verkfæri eins og SMT, Stig af stigi, Leikur að læra, Tákn með tali, Læsi í leikskóla og könnunarleikur.

Námssvið

Læsi og samskipti

„Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“
(Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 42)

Lögð er áhersla á að barnið fái að tjá sig og læri að hlusta á aðra, heyri gott mál og að vel sé vandað til vals á bókum. Tákn með tali er notað sem stuðningur við máltöku og til að örva málvitund og málskilning. Unnið er með tónlist, ritmál haft sýnilegt og notuð spil og leikir sem krefjast tjáningar. Stig af stigi er notað til að efla félagsþroskann. Notuð eru skýr skilaboð, hrós og val um það sem má til að skapa gott andrúmsloft og jákvæð samskipti. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna. Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman.

Mikilvægt er að foreldrar lesi fyrir börnin strax frá unga aldri því það leggur grunn að góðum málþroska og orðaforða sem eru undirstöðupættir fyrir þróun læsis.

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur gefið út lestrarstefnu sem ber heitið: Lestur er börnum bestur. Lestrarstefnan er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Heilbrigði og vellíðan

Börnum er eðlislægt að hreyfa sig og það veitir þeim vellíðan og örvar nám. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 43)

Í leikskólanum er hreyfipörf virt og örvuð og börn læra að þekkja og skynja líkama sinn. Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi, hún er börnum holl, styrkir þau og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst og býður upp á góða hreyfingu. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Útivera er fastur liður í daglegu starfi, lengd útiveru fer eftir veðri. Einnig er farið með flest börnin í íþróttahús reglulega til að örva hreyfingu. Boðið er upp á hollan mat, vatn og mjólk til drykkjar og ávexti og grænmeti daglega. Lögð er áhersla á að skapa góð tengsl við börnin og samstarf við grunnskólann stuðlar að félagslegum samskiptum og skapar öryggi við skólaskil.

Sjálfbærni og vísindi

„Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 44)

Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd og þeim séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynna henni, veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum. Sorp er flokkað, hlutir endunýttir og rætt við börnin um mikilvægi þess að virða umhverfið. Unnið er með fjölbreyttan efnivið með mismunandi eiginleika og fyrirbæri í náttúrunni skoðuð. Notuð eru spil og leikir til að vinna með

tölur og tákn auk þess sem nýtt eru þau tækifæri sem gefast í daglegu starfi.

Sköpun og menning

„Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 45)

Skapandi starf eflir alla þroskaþætti barnsins. Sköpun barnsins byggist á skynjun þess og reynslu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin fái að tjá sig frjálst í gegnum myndsköpun og nota fjölbreytilegan efnivið og áhöld. Unnið er með tónlist, farið í vettvangsferðir og á sýningar. Á hverju ári er farið í fjöruferð að hausti með þrjá elstu árganga leikskólans, heimsókn í slökkvistöð og Glaumbæ með tvo elstu árgangana, heimsókn í Víðimýri í apríl fyrir þriðja elsta árganginn og sveitaferð með 4 elstu árgangana. Auk þess er farið í gönguferðir um nágrenni skólans með litla eða stóra hópa.

Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins auk þess sem ákveðnar hefðir myndast í starfinu sem verða hluti af menningu leikskólans.

Haldið er öskudagsball og jólaball, borðaður þorramatur og minnst dags íslenskrar tungu og fleira. Í tilefni af afmæli barns fær barnið kórónu og boðið er upp á popp. Á vorin er ein sameiginleg íspinnaveisla fyrir þau börn sem eru að hætta í leikskólanum.

Ekki er æskilegt að börnin komi með veitingar að heiman af þessum eða öðrum tilefnum.

Leikskólastarf

Leikurinn. Kennarar leggja mikla áherslu á leikinn og gefa góðan tíma fyrir hann á hverjum degi enda er hann megin námsleið barna. Í leik eflir barnið alhliða þroska sinn, en þar er m.a. um að ræða líkamsþroska, hreyfi-, tilfinninga-, vitsmuna-, mál- og siðgæðisþroska, félags og siðgæðisvitund. Leikurinn er börnunum eðlislægur og þau leika sér á sínum eigin forsendum. Í Aðalnámskrá leikskóla stendur á bls 37: „í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál, sem upp koma, á eigin forsendum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinngatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.“

Útivera er hluti af daglega starfinu, hreyfing og útivera eru samtengdir þættir.

Börnin vinna fjölbreytt verkefni sem byggja á starfsaðferðum og hugmyndafræði leikskóla. Markmiðið með þessum verkefnum er að stuðla að sjálfstæði og sjálfsþekkingu barnanna og efla með þeim vináttu og samkennd.

Daglegar venjur. Venjubundnar athafnir daglega lífsins í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barna og heilsu. Markmiðið er að börnin verði sjálfstæð og sjálfbjarga. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnsins. Návist leikskólakennarans við barnið í leik og starfi gefur dvöl þess í leikskólanum dýpra gildi.

Að koma og fara. Við tökum á móti hverju barni svo það finni sig velkomið. Mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma með barninu þegar það er sótt, svo barnið geti lokið við það sem það er að gera. Það er nauðsynlegt að foreldrar láti kennara vita þegar þeir koma með og sækja barnið. Þetta er öryggisatriði bæði fyrir börn og kennara. Í sumum tilfellum koma börn með skólabíl. Sá sem fylgir barninu inn á að láta vita af því að barnið sé komið. Einnig er mikilvægt að látið sé vita þegar barnið er sótt. (sjá: *Samskiptareglur við skólabíl á heimasíðu Birkilundar undir Hagnýtar upplýsingar*).

Mikilvægt er að barnið mæti á réttum tíma í leikskólann. Erfitt er fyrir alla aðila, en þó erfiðast fyrir barnið, ef það kemur inn í miðja vinnustund eða þegar öll hin börnin eru komin í leik. Oft er brugðið út af fyrirfram ákveðinni dagskrá og verða foreldrar að vera viðbúnir því. Ekki er alltaf látið vita fyrirfram um það sem stendur til og getur því verið að barnið missi af einhverjum viðburðum ef það mætir óstundvíslega.

Matartímar. Kennarar matast með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði. Eldri börnin skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal og ganga frá. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar. Við matarborðið gefast tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna t.d. um hollustu, tannhirðu, hvaðan maturinn kemur, hvernig hann er búinn til o.s.frv.

Hópavinna

Unnið er að ákveðnu viðfangsefni á fjölbreyttan hátt í lengri eða skemmri tíma. Börnin læra að nota skilningarvitin og mismunandi vinnuaðferðir við að nálgast viðfangsefnið. Markmiðið með hópavinnunni er að börnin læri að vinna saman, virða skoðanir annarra, taka tillit til annarra og hjálpast að,

fara eftir fyrir mælum og taka frumkvæði, starfa í hóp að sameiginlegu markmiði og að stuðla að vellíðan og öryggi.

Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska, eftir því sem við verður komið, og oft fylgir sami starfsmaður hópnum allan veturinn. Verkefni og vinnan eru miðuð við þroska hvers hóps. Kynntur er fyrir börnunum ýmis efniviður; mismunandi litir (t.d. trélitir, þekjulitir og vatnslitir) og verkfæri (t.d. skæri, pensill og lím).

Viðfangsefni í hópatímum

- Myndsköpun, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir sköpunarþörf sína, þroski með sér einbeitingu og efli samhæfingu handa og augna. Barnið endurspeglar oft í myndverkum sínum þá reynslu sem það hefur upplifað, þær tilfinningar sem bærast með því og það sem því er hagleikið.
- Tónlist, þar sem markmiðið er að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda í gegn um söng, hlustun (tónverk, hljóðaspil, ofl), hreyfingu (dans ofl.), hljóðgjafa og hljóðfæri.
- Málörvun, þar sem markmiðið er að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestrarnám. Notuð eru verkefni og leikir úr bókunum: *Markviss málörvun*, *Leggðu við hlustir*, *Ljáðu mér eyra* og *Tölum saman*. Unnið er með þulur, rím, klappa atkvæði, spil, leiki, lestur og ritun.
- Hreyfing, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir hreyfiþörf sína og að auka/efla líkamlegt úthald. Til þess notum við leiki, *Leikur að læra*, íþróttahús og nánasta umhverfi, til að fara í gönguferðir.

- Félagssfærni, þar er unnið með Stig af stigi og munu 2 elstu árgangarnir fara einu sinni í viku í það.

Verkefni fyrir elsta árgang leikskólans

Markmiðið með sérstökum verkefnum í þessum hóp er að stuðla að sjálfstæði og sjálfsþekkingu barnanna, efla vináttu og samkennd, styrkja sjálfsmyndina og öryggi og getu til að leysa ágreiningsmál, þjálfra börnin í að vinna saman og læra að sýna tillitsemi og umburðarlyndi og brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla. Verkefnin eru leikskólaverkefni, hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskóla eru lagðar til grundvallar í þeim.

Ýmis verk- og námsefni

Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla sem ætlað er að skapa grundvöll fyrir félagslegum samskiptum á milli eldri og yngri barna og gefa leikskólabörnunum kost á að kynnast bæði húsnæði og kennurum Varmahlíðarskóla.

Fyrsti bekkur Varmahlíðarskóla og elsti árgangur Birkilundar eru saman í kennslustundum á fimmtudögum kl 9:15-10:30 í sameiginlegri umsjá kennara Birkilundar og Varmahlíðarskóla. Viðfangsefni þessara kennslustunda eru af ýmsum toga. Þau eru ýmist unnin í Varmahlíðarskóla, Birkilundi eða utan dyra.

Að loknum þessum kennslustundum eru frímínútur og síðan er hópurinn saman í íþróttum kl 10:50-11:30 hjá íþóttakennara Varmahlíðarskóla og kennara úr Birkilundi.

Markmið þessara kennslustunda er að auka samfellu í námi barnanna, gefa hópnum tækifæri til þess að halda tengslum þrátt fyrir að þau séu á sitt hvoru skólastiginu og gefa kennurum tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu sín á milli.

Auk þessa fara elstu börn leikskólans í heimsóknir í alla bekki í Varmahlíðarskóla í ýmsar kennslugreinar og kynnast þannig húsnæði, nemendum og kennurum grunnskólans. Nemendur allra bekkja Varmahlíðarskóla koma í heimsóknir í leikskólann, sem skapar meiri tengingu milli leikskólabarna og grunnskólanemenda. Kennarar fylgja nemendum í heimsóknir og verða því meðvitaðri um starfið sem fram fer í hvorri skólastofnun fyrir sig. Á hverju skólaári mun kennari úr Birkilundi fylgjast með starfi í 1. bekk hluta úr degi og kennari úr Varmahlíðarskóla dvelur í Birkilundi hluta úr degi og fylgist með starfinu hjá elstu börnunum.

Einu sinni á ári er sameiginlegur hittingur starfsfólks beggja skólanna, sem ýmist er nýttur fyrir námskeið eða samveru af öðrum toga.

SMT skólafærni

Við notum verkfæri SMT skólafærni til að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og kennara. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð kennara gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Við notum hrós til að sýna börnum jákvæða athygli og til að auka tíðni æskilegrar hegðunar. Við notum skýr fyrirmæli til þess að barnið viti til hvers er ætlast af því.

Stig af stigi

Stig af stigi er þjálfunarefni fyrir 4-6 ára sem ætlað er að auka félags- og tilfinningaþroska barna. Efnið er notað til að þjálfra börnin í að viðurkenna tilfinningar annarra, setja sig í spor annarra og sýna öðrum tillitsemi, kenna börnum að leysa deilur og áreksta og efla félagsfærni barnanna. Börnunum er einnig kennt að hafa stjórn á æsingi og reiði.

Leikur að læra

„Leikur að læra“ eru leikir og æfingar þar sem samþætting hreyfingar við stærðfræði-, bókstafa og hljóða-, lita- og formakennslu er höfð að leiðarljósi.

Kennsluáferðin virkar mjög vel fyrir 2-9 ára börn þar sem hreyfipörfin er mikil, enda sýna rannsóknir að hreyfing hefur áhrif á hæfileikann til að varðveita nýja þekkingu. Hreyfing er manningum eðlislæg og öll skynhreyfingeynsla eykur varðveislu þekkingar.

Þessi áferð er nýtt í málörvun og öðru starfi inni á deildum, í útinámi, tónlistarstundum og í íþróttahúsi.

Tákn með tali

Tákn með tali er tjáningarform sem byggt er á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Tákn með tali er notað sem stuðningur við máltöku og til að örva málvitund og málskilning. Táknin eru notuð með söngvum og hver vika á sitt tákn sem kynnt er fyrir börnunum og unnið með á mismunandi hátt eftir aldri og þroska barnanna.

Læsi í leikskóla

Í hverri viku vinnum við með máhljóð vikunnar. Verkefni geta verið af ýmsum toga, unnin úti eða inni, eftir því sem hugmyndflugið býður uppá. Við höfum bækur aðgengilegar fyrir börnin, nöfn barnanna og nöfn á hlutum sýnileg víðs vegar um leikskólann. Það er lesið reglulega fyrir börnin, sungið, klappað í atkvæði og fleira sem stuðlar að auknum orðaforða og málskilningi og eflir hljóða- og hljóðkerfisvitund barnanna.

Könnunarleikur

Könnunarleikur er aðferð sem er skilgreind sem afbrigði náms og er ætluð sem viðbót við fyrri leik barnanna til þess að auðga hann. Könnunarleikur stuðlar að því að barnið finnur út hlutina á sínum eigin forsendum og er unninn í litlum hópum með börnum á aldrinum 1-3 ára. Börn á þessum aldri hafa þörf fyrir að kanna umhverfi sitt og uppgötva eðli og eiginleika hluta á eigin forsendum. Þau örva öll skynfæri og æfa notkun orða og hugtaka. Í leiknum eru notaðir verðlausir hlutir s.s keðjur, lyklar, dósir, lok og annað. Börnin læra að taka saman á skipulagðan hátt þar sem hlutirnir eru flokkaðir og hver hlutur fer í sinn poka. Lögð eru orð á hluti og hugtök s.s. fyrir framan, aftan, undir, yfir, bakvið o.s.frv. Hlutverk kennara er að vera til staðar og fylgjast með leiknum án afskipta, og kenna börnunum að taka saman.

Flokkun úrgangs.

Við reynum að flokka allan úrgang. Ílát til flokkunar eru höfð á aðgengilegum stöðum eftir því sem kostur er þannig að handhægt sé fyrir alla aðila að koma úrgangi á réttan flokkunarstað.

Foreldrasamstarf

Aðlögun. Að byrja í leikskóla er ný reynsla og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Á meðan á aðlöguninni stendur gefst foreldrum tækifæri til að kynnst kennurum og því starfi sem fer fram í leikskólanum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni. Venjulega tekur aðlögun barnsins u.þ.b. viku en það er þó mjög einstaklingsbundið. Æskilegt er að foreldrar gefi sér góðan tíma með barninu í leikskólanum meðan á aðlögun stendur.

Starfsfólk sér um aðlögun þegar barn flyst milli deilda en foreldrum býðst að vera með í upphafi fyrsta dagsins og áfram eins og þörf er á.

Foreldrasamvinna. Mikilvægt er að foreldrar kynnist kennurum barnsins og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess. Foreldrar eru velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við kennara.

Foreldraviðtöl eru einkasamtöl foreldra/forráðamanna við leikskólakennara barnsins. Tilgangur þeirra er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barn og framgang þess. Foreldrar eru boðaðir í viðtöl einu sinni á ári en þeir geta óskað eftir viðtalstíma hvenær sem er.

Almennur foreldrafundur er að haustinu. Þar er miðlað upplýsingum um leikskólastarfið, áætlanir og skipulag.

Skóladagatal

Skóladagatal fyrir komandi skólaár er birt á heimasíðu leikskólans á vorin eftir að fæðslunefnd hefur samþykkt það. Þar koma fram tímasetningar starfsdaga og annarra lokunardaga leikskólans ásamt fleiru.

Dagatal með matseðli er sett upp fyrir hvern mánuð. Þar koma einnig fram helstu viðburðir í starfinu og tilkynningar til foreldra. Dagatalið er birt á heimasíðu leikskólans og foreldrar fá það sent í tölvupósti.

Upplýsingatöflur eru við innganga og deildar. Þar eru settar tilkynningar og skilaboð til foreldra.

Karellen

Karellen leikskólakerfið felur í sér vefsíðu leikskólans og hagnýtt app fyrir aðstandendur og kennara. Í appinu er hægt að skrá mætingu og fjarvistir, hvernig börnin borða og sofa ásamt fleiru. Einnig er hægt að senda skilaboð og setja inn myndir af börnunum þannig að foreldrar sjá eingöngu myndir þar sem þeirra barn sést. Á heimasíðunni er hægt að sjá matseðil, viðburðadagatal, skóladagatal, námskrá og ýmsar aðrar upplýsingar varðandi starfið.

Facebook hópar

Lokaðir facebookhópar fyrir hverja deild eru notaðir til að koma á framfæri til foreldra upplýsingum um starfið. Eingöngu foreldrar barna á deildinni og starfsmenn Birkilundar fá aðgang að hóp viðkomandi deildar. Þar eru settar inn myndir og frásagnir úr starfinu. Ekki eru settar inn einstaklingsmyndir. Ekki eru settar inn myndir af viðkvæmum augnablikum eða myndir sem snerta blygðunarkennd fólks.

Starfsáætlun fyrir leikskólaárið er kynnt foreldrum á haustin.

Myndir barnanna eru hengdar upp jöfnum höndum yfir starfsárið og er foreldrum alltaf heimilt að staldra við og skoða. Í lok skólaársins sendum við heim myndir og önnur verk.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Markmið þess er að efla tengsl foreldra við starf leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Allir foreldrar/forráðamenn barns verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum.

Stjórn félagsins er mynduð af 5 foreldrum leikskólabarna og einum starfsmanni. Félagsgjald er ákveðið af stjórninni og er innheimt einu sinni á ári. Helstu verkefni hafa verið að halda sumarhátíð, að kosta leiksýningar og styðja við leikskólastarfið, t.d. með kaupum á kennslufni.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans. Í ráðinu sitja 3 foreldrar sem kosnir eru í október á ári hverju til eins árs í senn.

Hagnýtar upplýsingar

Fjarvistir barna.

Vinsamlegast tilkynnið fjarvistir barnsins hvort sem um er að ræða veikindi eða frí. Góð regla er að tilkynna einnig ef barn kemur seinna en vistunartími segir til um.

Breyttar aðstæður.

Mikilvægt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum, s.s. veikindi og/eða fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang og símanúmer og breytta hjúskaparstöðu. Oft sýna börnin tilfinningar og hegðun sem erfitt er að ráða í. Nákvæmar upplýsingar gera okkur kleyft að sýna barninu sérstaka tillitsemi þegar aðstæður gefa tilefni til.

Ef aðrir en foreldrar/forráðamenn sækja barnið er nauðsynlegt að láta starfsfólk vita. Ekki er æskilegt að börn yngri en 10 ára sækji börn í leikskólann nema að foreldri láti vita af því í leikskólanum og taki fulla ábyrgð á því.

Óhöpp, slys eða veikindi.

Börn í leikskólum Skagafjarðar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barn verður fyrir slysi eða veikist

er haft samband við foreldra. Leikskóli er ekki ætlaður veikum börnum. Eftir mikil og langvarandi veikindi er gott að hafa samráð við lækni um úti-/inniveru barnsins. Hámarksinnivera eftir veikindi er 2 dagar. Sé barnið ekki nægilega hraust til útiveru er það tæpast nógu hraust til að koma í leikskólann t.d. hvað varðar hávaða o.fl.

Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyra og því hefur engan tilgang að halda börnunum inni til þess að koma í veg fyrir að þau veikist.

Öryggisatriði

Ekki skilja bíla eftir í gangi á bílastæðunum því það skapar hættu og er mikill mengunarvaldur. Alltaf á að loka garðhliði á eftir sér. Börn eiga alltaf að vera spennt í viðeigandi öryggisbúnað í bílum, jafnvel þó aðeins sé ekin stutt vegalengd á litlum hraða.

Vettvangsferðir í rútu

Ef farið er í rútuferðir er eingöngu nýttur á öryggisbúnaður sem fyrir er í bifreiðinni. Ekki er farið með yngri börn en þriggja ára.

Vistunartími

Miðað er við að börnin nýti að lágmarki 20 tíma á viku sem dreifist á 4 eða 5 daga.

Boðið er upp á mismunandi tíma til að koma og fara, sem takmarkast af dagskipulaginu og því að það valdi sem minnstri truflun á starfinu. Foreldrar verða að sýna því skilning því þar eru það hagsmunir barnsins sem ráða mestu.

Mikilvægt er að foreldrar virði umsaminn vistunartíma því út frá honum er vinnutími starfsfólks ákvarðaður. Barn á ekki að vera komið inn á deild fyrir umsaminn vistunartíma og

það á að vera farið út af deildinni þegar vistunartímanum lýkur. Þá skal einnig á það bent að kl 16:20 eiga öll börn og foreldrar að vera farin út úr húsinu því þá lýkur vinnutíma þess kennara sem síðastur fer. Ef barn er sótt of seint á foreldri að kvitta fyrir það.

Ef foreldrar óska eftir breytingu á dvalartíma barnanna sækja þeir um það hjá leikskólastjóra.

Hvíld eftir hádegismat

Nægilegur og reglulegur svefn og góð hvíld er öllum börnum nauðsynleg, ekki hvað síst fyrstu ár ævinnar þegar vöxtur og þroski er hvað örastur. Svefninn veitir hvíld og endurnýjar orku. Hvíldartími er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna.

Á öllum deildum fara börnin í hvíld eða rólega stund eftir hádegismat. Á yngri deildum eiga þau sinn fasta hvíldarstað og haft er í huga að sum börn þurfa meiri nálægð við fullorðna en önnur. Lögð er áhersla á að eiga rólega og notalega stund saman þar sem hlustað er á slakandi tónlist og hvílst. Á Reynilandi leggjast öll börnin, hvort sem þau sofa eða ekki. Ef barn sofnar ekki þá hvílir það sig þar til hin börnin eru sofnuð og starfsmenn fara fram með barnið. Börn sem sofna eru ekki vakin fyrr en í fyrsta lagi eftir klukkutíma svefn og aldrei fyrir kl 13:30 til að raska ekki ró annarra barna sem sofa.

Klæðnaður barna

Mikilvægt er að klæðnaður barnanna sé þægilegur og að börnin megi nota hann við leik og störf. Í leikskólanum vinnum við með ýmis efni t.d. liti, lím og málningu sem geta farið í föt barnanna. Klæðið börnin eftir veðri. Meðferðis ættu alltaf að vera pollaföt, þykk peysa, stígvél og aukaföt. Mikilvægt er að föt barnanna séu merkt. Hólfín þarf að yfirfara daglega og

tæma á föstudögum, vegna þrifa. Einnig þarf að taka úr þurrkskáp daglega.

Þau börn sem nota bleiur koma með þær að heiman. Þurfi barn að fá bleiu frá leikskólanum er ætlast til þess að fá aðra í staðinn.

Munið að merkja fatnað barnanna.

Bækur, spil o.fl.

Af og til fá börnin að koma með bækur eða annað heimanað. Æskilegt er að það sé vel merkt. Ekki er tekin ábyrgð á einkaleikföngum.

Reglur um afmælisboð

Í leikskólanum leggjum við áherslu á að börnin taki tillit hvert til annars og að enginn sé skilinn útundan. Þegar afmælisboð tengjast leikskólanum, t.d. ef börnin eru sótt í leikskólann til að fara í afmæli eða ef boðsmiðum er dreift í leikskólanum, viljum við fara fram á að boðið gildi um ákveðinn hóp. Ákveðinn hópur er: allur árgangurinn, allir strákar í árgangnum, allar stelpurnar í árgangnum, öll börnin á deildinni, allar stelpurnar á deildinni eða allir strákar á deildinni. Við veitum fúslega upplýsingar um hverjir tilheyra tilteknum hóp. Ef óskað er eftir að dreifa boðsmiðum í leikskólanum skal það gert í samráði við starfsfólk.

Vinnureglur vegna óveðurs

Þegar óveður er verða starfsmenn að meta það hver fyrir sig hvort þeir geta mætt í leikskólann. Ekki verður haldið uppi leikskólustarfsemi nema að lágmarki tveir starfsmenn geti mætt á starfsstöðina. Foreldrar verða því að kanna stöðuna í leikskólanum áður en lagt er af stað með börnin þegar óveður eða ófærð er.

Dvalargjöld

Dvalargjöld eru innheimt með gíróseðli. Dvalargjald er greitt fyrirfram og er eindagi 15. hvers mánaðar. Ef tveir mánuðir eru ógreiddir getur komið til uppsagnar á leikskólaplássi. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir leikskólaplássið, nema þann tíma sem lokað er að sumrinu (5 vikur). Sveitarfélagið hefur boðið upp á niðurfellingu gjalda fyrir ákveðna daga og er það auglýst sérstaklega og kallað eftir skráningu frá foreldrum.

Foreldrum ber að virða umsaminn dvalartíma. Innheimt er sérstakt gjald ef barn er sótt of seint oftar en tvisvar á hverju mánaðartímabili.

Starfs- og námskeiðsdagar

Leikskólinn er lokaður 56 dagvinnutíma á hverju starfsári vegna starfsmannafunda, starfs- og námskeiðsdaga. Þessir tímar eru notaðir til þess að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starf leikskólans. Þeir nýtast einnig í námskeið og fyrirlestra fyrir starfsfólk.

Þessar lokanir koma fram á skóladagatali og minnt er á þær með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara. Foreldrum er kynnt dagskrá starfs- og námskeiðsdaga.

Skráningardagar

Skráningardar eru 20 á hverju skólaári. Þá daga verða foreldrar að skrá börnin sín sérstaklega með mánaðar fyrirvara ef þeir ætla að nýta daginn. Þessir dagar eru ekki inni í gjaldskrá leikskólans og greidd er ákveðin upphæð fyrir hvern slíkan dag sem er nýttur.

Reyklaus vinnustaður

Reykingar eru hvorki leyfðar í húsnæði né á lóð leikskólans.

Yfirumsjón og sérfræðipjónusta

Málefni leikskóla heyra undir Fjölskyldupjónustu Skagafjarðar og fræðslunefnd. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs hefur yfirumsjón og eftirlit með rekstri leikskóla en leiðtogi farsældar, fræðslu og ráðgjafar er faglegur ráðgjafi skólastarfsins.

Leikskólarnir hafa aðgang að sérfræðipjónustu s.s. talmeinafræðingi, sálfræðingi og ráðgjafa á fjölskyldusviði.

Með kærri kveðju og ósk um gott og ánægjulegt samstarf.

Starfsfólk Birkilundar

2024